



Sóttvarnastofnun Evrópu, ECDC

# Árangur, áskoranir og stórir áfangar árið 2015

Helstu atriði í ársskýrslu framkvæmdastjóra

Í þessari samantekt koma fram valin verkefni frá árinu 2015 en hún er alls ekki tæmandi listi yfir vinnu og áfanga ECDC á árinu.

Nákvæmt yfirlit yfir starfsemi, skipulag og verkefnaáætlun ECDC má finna í óstyttri útgáfu ársskýrslunnar.

Tillaga að tilvísun:

Árangur, áskoranir og stórir áfangar árið 2015 – helstu atriði í ársskýrslu framkvæmdastjóra. Stokkhólmi: ECDC; 2016.

Stokkhólmi, ágúst 2016

ISBN 978-92-9193-919-0

doi 10.2900/26020

Skrá númer TQ-01-16-570-IS-N

© Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC), 2016

Allar myndir © ECDC, nema SCIENCE Photo Library (bls. 8); Tnarik Innael (bls. 11\*); Province of British Columbia (bls. 13\*); iStock (bls. 14, neðst); Ray Butler og Janice Carr, CDC (bls. 15, efst til vinstri); Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (bls. 15, efst til hægri); Kathryn Deiss (bls. 16, efst til hægri\*); Starfsfólk NHS (bls. 16, hægra megin í miðju\*); Frankie Leon (bls. 16, efst í miðju\*), Alex Proimos (bls. 16, neðst\*); iStock (bls. 17)

\* CC BY-NC-SA 2.0

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Ljósmyndir sem notaðar eru í þessu riti undir höfundarrétti má ekki nota í öðrum tilgangi en á við fyrir þetta rit án fyrirfram gefins leyfis höfundarréttarhafa.

# Árangur, áskoranir og stórir áfangar árið 2015

Helstu atriði í ársskýrslu framkvæmdastjóra

## Efnisyfirlit

Formáli og inngangur .....	4
Verndun lýðheilsu í Evrópu .....	5
Farið yfir árið: Áætlanir um sjúkdóma og framkvæmd áætlana .....	7
Ónæmi fyrir sýklalyfjum og sýkingar tengdar heilbrigðisþjónustunni. ....	8
Nýtilkomnir sjúkdómar og smitferjusjúkdómar .....	9
Matar- og vatnsbornir sjúkdómar og hermannaveiki. ....	10
HIV, kynsjúkdómar og lifrabólga af völdum veirusýkingar .....	11
Inflúensa og aðrar veirusýkingar í öndunarferum .....	13
Berklar .....	14
Sjúkdómar sem bóluefni geta komið í veg fyrir. ....	17
Miðlun lýðheilsuupplýsinga .....	19
Þjálfun .....	20
Sjúkdómaskimun, viðbúnaður og viðbrögð .....	21
ECDC í stuttu máli: Tölulegar upplýsingar. ....	22



## Formáli stjórnarformanns

Þrátt fyrir að hafa nýlega verið kosinn stjórnarformaður ECDC hef ég á undanföllum árum tekið þátt í þróun stofnunarinnar. Þegar fagnað var tíu ára afmæli stofnunarinnar átti ég því ekki erfitt að meta fyllilega árangurinn sem náðst hafði á þessum tíu árum. En á árinu 2015 var gert meira en að horfa til fortíðar. Það var ár mikillar vinnu og stöðugrar framþróunar:

- Í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og alþjóðlega samstarfsaðila lagði stofnunin sitt af mörkum með því að fara fyrir fjölmörgum sendinefndum til Gíneu svo binda mætti enda á fordæmalausan ebólaveirufaraldur í Afríku.
- Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri var komið í framkvæmd.
- ECDC skilaði 42 áhættumatskýrslum til aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.
- ECDC þróaði verkfæri sem veita heilbrigðisstéttum, ákvörðunartökuaðilum og stefnumótendum í Evrópu beinan aðgang að gögnum.

Ég vil nota tækifærið og færa þeim Françoise Weber, sem var afkastamikill, vel liðinn og virtur stjórnarformaður, og Marc Sprenger sem leiddi stofnunina frá 2010 til 2015, kærar þakkar. Á starfstíma sínum styrkti hann stjórnskipulag ECDC, þróaði langtíma stefnumótun stofnunarinnar og var fulltrúi hennar á mörgum alþjóðlegum viðburðum.

Ég vil líka þakka Andrea Ammon sem tók við sem starfandi framkvæmdastjóri í maí 2015. Niðurstöðurnar sem kynntar eru í þessari skýrslu færa sönnur á árangursríkar skuldbindingar hennar gagnvart verkefnum ECDC við verndun lýðheilsu í Evrópu.

*Daniel Reynders, stjórnarformaður Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC), 15. febrúar 2016*

\* Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilbrigðisógnir sem ná yfir landamæri



## Inngangur framkvæmdastjóra

Tíu ára afmæli ECDC, sem haldið var upp á 22. september 2015 markaði þáttaskil því þá gafst okkur tækifæri til að rifja upp liðna atburði, fagna og horfa til framtíðar á þau ógrandi verkefni sem framundan eru. Það var því engin tilviljun að strax eftir afmælishátíðina átti ECDC og hagsmunaaðilar sameiginlegan stefnumótunarfund.

Undanfarið ár hef ég átt þó nokkra fundi með fröken Kateřina Konečná, sem er tengiliður okkar við Evrópuþingið en hún á einnig sæti í þingnefnd um umhverfismál, lýðheilsu og matvælaöryggi. Ég upplýsti Evrópuþingmanninn um sértækar aðgerðir okkar gegn sjúkdómum, verkefni framundan og leit okkar að nýju húsnæði. Árið 2015 markaði líka upphaf undirbúnings fyrsta *samræmda áætlunarskjalsins fyrir 2017-2019*, sem unnið er samkvæmt nýjum kröfum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og gildir fyrir allar stofnanir þess.

Evrópskar stofnanir hafa tekið sig saman og vinna að samræmdri nálgun heilsutengdra þátta, One Health. Stofnunin heldur einnig áfram baráttu sinni gegn ónæmi fyrir sýklalyfjum, sem er vandamál sem þarfnast frekari alþjóðlegrar athygli.

Árið 2015 fylgdist ECDC náið með straumi flóttamanna til Evrópu til að geta brugðist hratt við mögulegri hættu á útbreiðslu smitsjúkdóma meðal flóttamanna innan ESB/EES.

ECDC kallaði til 89 sérfræðinga vegna útbreiðslu ebólaveirunnar í Vestur-Afríku. Stofnunin kann mjög að meta stuðning aðildarríkjanna sem kann að marka ný tímamót í samstarfi sem hlýtur lagalegan stuðning í ákvörðun nr. 1082/2013/ESB\*.

Frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2015 hefur ECDC fylgst með útbreiðslu Zíka-veirunnar og stöðugt uppfært áhættumat fyrir Evrópu. Í desember gaf stofnunin út áhættumat um Zíka-veiruna og mögulegt samband hennar við heilasmæð (microcephaly) og Guillain-Barré heilkenni.

Nú eru hátt í tíu mánuðir frá því ég tók við sem starfandi framkvæmdastjóri ECDC. Ég vil þakka Marc Sprenger fyrir störf sín hjá ECDC undanfarin fimm ár. Ég vil einnig þakka stjórn ECDC fyrir tiltrú þeirra og traust á mér og fyrir stuðning þeirra við stofnunina. Sem starfandi framkvæmdastjóri hef ég lagt áherslu á að tryggja óbreytta starfsemi stofnunarinnar og ég mun halda því áfram þar til nýr framkvæmdastjóri tekur til starfa.

*Andrea Ammon, starfandi framkvæmdastjóri ECDC, 20. mars 2016*



Fólkið á bakvið lýðheilsu Evrópu: Starfsfólk ECDC við aðalbyggingu stofnunarinnar í árlegri myndatöku

## Verndun lýðheilsu í Evrópu

Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC) var stofnuð árið 2005 og hefur aðsetur í Stokkhólmi í Svíþjóð. Hún er starfar á vegum Evrópusambandsins og hefur það hlutverk að styrkja varnir gegn smitsjúkdómum innan Evrópu. ECDC greinir, metur og veitir upplýsingar um núverandi og aðsteðjandi ógnir við heilbrigði manna vegna smitsjúkdóma og styður aðildarríki Evrópusambandsins í viðbúnaði og viðbrögðum gegn þeim. Stofnunin veitir aðildarríkjum ESB og EES vísindalega ráðgjöf og er traust upplýsingaveita á sínu sviði.

Þann 31. desember 2015 voru 260 fastir starfsmenn hjá ECDC sem sinntu sjúkdómaeftirliti, greiningu á uppkomu, vísindaráðgjöf, upplýsingatækni, samskiptum og stjórnun. Árið 2015 voru grunnfjárlög ECDC 58,4 milljónir evra.

Einn af megin styrkleikum ECDC er getan til að bregðast skjótt við breyttri faraldsfræði smitsjúkdóma. ECDC starfrækir og viðheldur þremur kerfum sem hvert er nauðsynlegt tilteknu sviði sjúkdómsvarna: EWRS

(tilkynningar um ógnir), EPIS (faraldursgreining) og TESSy (sjúkdómaeftirlit).

*Viðvörunar- og viðbragðskerfi vegna almennrar heilsuvár (EWRS)* gerir aðildarríkjum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kleift að senda tilkynningar um heilsuvár sem krefjast samhæfðra viðbragða á vettvangi ESB. Kerfið hefur verið notað farsælega við upphaf farsóttá eins og SARS, inflúensuveirunnar A(H1N1) og nú síðast ebóluveirunnar.

*Faraldursgreiningarupplýsingakerfið (EPIS)* er öruggt, netlægt samskiptakerfi sem veitir ECDC færi á að veita alþjóðlegum samstarfsaðilum sínum faraldsfræðilegar upplýsingar svo hægt sé að sjá viðvörunarmerki sem spá fyrir um uppkomu sjúkdóma.

*Evrópska eftirlitskerfið (TESSy)* er sérlega sveigjanlegt gagnagrunnskerfi fyrir söfnun sjúkdómsupplýsinga. Æskilegt er að öll 31 ESB/EES löndin sendi inn upplýsingar um smitsjúkdóma til skráningar í kerfinu.



Persónulegur hlífðarbúnaður: Þátttakendur í EPIET fá nasasjón af hvernig það er að vera heilbrigðisstarfsmaður á svæði þar sem ebólaveiran hefur brotist út

## Kennsla og þjálfun

ECDC hefur skýrt umboð til að standa að þjálfun. Á hverju ári stýrir stofnunin fjölda viðburða sem lúta að þjálfun. EPIET-þjálfunaráætlun stofnunarinnar er eina áætlunin á svæði faraldsfræði sem nær yfir alla Evrópu. Forsendur áætlunarinnar eru að viðhald og umbætur á lýðheilsu í Evrópu byggi á sameiginlegum faraldsfræðilegum stöðlum. Þátttakendur í EPIET, sem náms síns vegna starfa í umtalsverðan tíma við lýðheilsustofnanir utan heimalandsins, eru í einstakri stöðu til að öðlast reynslu sem nýtist stofnunum í heimalöndum þeirra.

EPIET er stutt af EUPHEM þar sem boðið er upp á starfsþjálfun í prófanatækni í örverufræði í rannsóknarstofum sem staðsettar eru í ESB og Noregi.

## Aukin færni

ECDC á í samstarfi við sérfræðinga í öllum aðildarríkjum ESB sem sameiginlega þróa staðlaða aðferðafræði, námsefni og námskeið fyrir kennara til notkunar í ríkjum sambandsins. Þátttakendur og starfsfólk ECDC-þjálfunaráætlanna bæta ekki einungis eigin tæknikunnáttu, heldur öðlast evrópska heildarsýn á faraldsfræði sem nýtist því til dæmis

í sjúkdómsrannsóknum þvert á landamæri eða við innleiðingu evrópskra staðla eins og við skilgreiningar á tilkynningarskyldum sjúkdómum.

## Viðbúnaður

ECDC veitir aðildarríkjunum aðstoð við þróun viðbúnaðaráætlana sem ætlað er að lágmarka áhrif heilsuvár eins og influensufaraldra eða bráðsmitandi veiruhitasóttá. Neyðarviðbrögð eru reglulega prófuð á æfingum. Þar að auki eru til viðbótartpróf fyrir aðildarríki sem vilja halda eigin æfingar.

## Vísindaráðgjöf

ECDC fylgir reglulegri ráðgjöf sérfræðinganefnda við þróun vísindaráðgjafar vegna smitsjúkdóma í ESB. Við ráðgjöfina er horft til sannana og aðferðafræði en slíkrí ráðgjöf er venjulega framfylgt með *leiðbeiningum, kerfisbundinni endurskoðun* eða *sérfræðiáliti*. Þessir flokkar voru kynntir til sögunnar í mars 2015 og er öll vísindaráðgjöfin merkt í samræmi við þá.

# 2015

Farið yfir árið:

Áætlanir um sjúkdóma og  
framkvæmd áætlana



*Streptomyces* er stærst þeirra ættkvísla sem mynda sýklalyf og gefur afsér sýklalyf gegn bakteríum, sveppalyf og ónæmisbælandi lyf

## Ónæmi fyrir sýklalyfjum og sýkingar tengdar heilbrigðisþjónustunni

Þrátt fyrir góðan árangur að undanförunn þarf að auka frekari meðvitund um skynsamlega notkun sýklalyfja í mörgum aðildarríkjum. Einkum á það við í tengslum við forvarnir gegn sýkingum og stjórnun. Þar til nýlega deildu aðildarríkin ekki upplýsingum um bestu starfsvenjur við forvarnir og stjórnun vegna ónæmis fyrir sýklalyfjum og sýkingar tengdum heilbrigðisþjónustunni. ECDC vinnur, ásamt samstarfsaðilum sínum að því að breyta þessu.

Í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu og Matvælaöryggisstofnun Evrópu gaf ECDC út sameiginlega skýrslu, þá fyrstu sinnar tegundar um samþætta greiningu á neyslu sýklalyfja og tilvist áunnins ónæmis gegn sýklalyfjum hjá bakteríum í mönnum og dýrum til manneldis. Afmörkun skýrslunnar byggir á samræmdri nálgun heilsutengdra þátta í tengslum við ónæmi gegn sýklalyfjum þar sem gengið er út frá því að flókin tengsl séu á milli heilsu manna, dýravelferðar og umhverfis.

ECDC birti annað mat sitt á útbreiðslu carbapenemasa framleiðandi enterobaktería í Evrópu þar sem fram

kom að 34% allra ESB/EES ríkjanna höfðu tilkynnt um annaðhvort svæðisbundna útbreiðslu eða faraldur. Tveimur árum áður, árið 2013 höfðu aðeins borist tilkynningar frá 15% ríkjanna eða sex þeirra.

Í nóvember gaf ECDC út árlega uppfærslu á upplýsingum um ónæmi gegn sýklalyfjum í ESB og notkun þeirra. Þar koma fram allar tiltækar upplýsingar frá gagnagrunnum EARS-Net\* og ESAC-Net\*\*.

Meira en 40 ríki Evrópu tóku þátt í Degi vitundarvakningar um sýklalyf í Evrópu, sem haldinn var 18. nóvember í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Dagurinn einkenndist af innlendum viðburðum og herferðum um skynsamlega notkun sýklalyfja, þ.m.t. evrópskt Twitter-spjall sem 18. nóvember tengdi Evrópu, Bandaríkin, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjáland með myllumerkinu #AntibioticResistance.

\* European Antimicrobial Resistance Surveillance Network

\*\* European European Surveillance of Antimicrobial Consumption Network





*Pessi moskítóflugnagildra gengur fyrir própangasi og gefur frá sér koltvísýring, hita og raka til að laða að og fanga moskítóflugur*

## Nýtilkomnir sjúkdómar og smitferjusjúkdómar

Ebóluafaraldurinn í Vestur-Afríku tók yfir mesta starfsemi áætlunarinnar sem snýr að nýtilkomnum sjúkdómum og smitferjusjúkdómum (EVD) þar sem fleiri en 28.000 manns smituðust og meira en 11.000 manns létu lífið af völdum ebólu.

Fjöl margar aðrar EVD-farsóttir brutust einnig út á árinu 2015: Zíka-veira, lúsarykkjasótt, bornavírus, síkúngúnjaveirusjúkdómur, huldusótt og blóðögðusótt.

Samhliða öðrum störfum gaf EVD út uppfærð kort sem sýna dreifingu sjúkdómsbera eins og moskítóflugna, blóðmítla og mölmýs auk reglulegrar útgáfu upplýsinga um vesturnílarveirusóttarsmit í Evrópu.

Ebóluafaraldurinn sem kom upp í Vestur-Afríku í mars 2014 var fyrsta neyðartilvikið sem ECDC og samstarfsaðilar þess brugðust við með vísan til ákvörðunar 1082/2013\*. Í nóvember árið 2014, þegar verulegur fjöldi ebóluveirusmita greindist í Gíneu, óskuðu Bandaríska sóttvarnastofnunin og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin eftir að ECDC útvegaði frönskumælandi sérfræðinga til aðstoðar

við eftirlit í Gíneu. Aðeins fjórum vikum síðar sendi ECDC fyrstu sérfræðingana til Gíneu. Störf allra sérfræðinganna voru samræmd með Global Outbreak and Response Network á vegum Alþjóðah eilbrigðismálastofnunarinnar (GOARN) og samræmd af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þegar verkefninu lauk formlega, í október 2015, hafði ECDC sent 89 sérfræðinga til starfa í Vestur-Afríku.



*Í Gíneu: Tarik Derrough, faraldsfræðingur hjá ECDC, (standandi) í Guéckédou í Gíneu*

\* Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilbrigðisógnir sem ná yfir landamæri



*Bólusetning og aðrar aðgerðir í alifuglaframleiðslu hafa fækkað tilfellum salmonellu enterica serovar enteritidis í Bretlandi. Þrátt fyrir þessa fækkun hafa mörg tilvik salmonellu enteritidis phage of tegundinni 14b (PT14b) komið upp í Bretlandi tengd eggjum með uppruna utan Brelands.*

## Matar- og vatnsbornir sjúkdómar og hermannaeyki

Ný tækni, líkt og sjálfvirk sameindaflokkun og raðgreining á heildargenamengi sýkingarvalda gefur væntingar um nákvæmt og kostnaðarhagkvæmt sjúkdómaeftirlit. ECDC styður þessa þróun og aðstoðar öll aðildarríki sem vilja taka upp raðgreiningu genamengis, bæði fyrir reglulegt eftirlit og við rannsóknir á dreifingu matar- og vatnsborinna sjúkdóma.

Í framtíðinni verða sjálfvirkar raðgreiningar á genamengi staðallinn í greiningu á matar- og vatnsbornum sjúkdómavalda í heilbrigðiskerfinu. Stofnanir sem taka upp þessa nýju tækni geta vænst þess að spara töluverðan tíma og upphæðir.

ECDC, EFSA og samanburðarrannsóknarstofur í Evrópu þróuðu tæknilegan og skipulagslegan grunn fyrir sameindaflokkun hýsta af ECDC í gagnagrunninum One Health, sem nær til þriggja helstu sýkingarvaldanna (*listeríu*, *salmónellu* og VTEC) og stofna út matvælum og fæði, mönnum og dýrum. Eftirlit innan ESB fer í sífellt meira mæli fram með greiningu á sameindum, sem er skilvirk leið til að greina merki sem annars myndu ekki greinast.

Í október 2015 birti sérfræðingahópurinn FWD-NEXT sérfræðiálit um upptöku nýrrar kynslóðar flokkunaraðferða fyrir matar- og vatnsborna sjúkdóma í Evrópusambandinu. Skjalið skýrir flokkunarferlið í heild sinni, frá sýnatöku og raðgreiningu til gagnagreiningar og gagnamiðlunar.

Árið 2015 hélt ECDC áfram að þróa ytra gæðamatskerfi sitt til að auka gæði almennra örverufræða og tryggja getu til örveruprófana í öllum aðildarríkjum.



Lifrabólga B: „Veiran leynist þar sem síst er búist við henni.“ Veggspjald heilsbrigðisátaks á lestarstöð í Düsseldorf, Þýskalands

## HIV, kynsjúkdómar og lifrabólga af völdum veirusýkingar

Forvarnar- og umönnunarþjónusta fyrir HIV-veirusmit, kynsjúkdóma og lifrabólgu af völdum veirusýkingar er sundurleit í mörgum aðildarríkjum, sem hefur neikvæð áhrif á sýnileika, fjárhagslega sjálfbærni og síðast en ekki síst skilvirkar forvarnir og stjórn. ECDC hjálpaði aðildarríkjunum að vinna gegn þessar sundurleitni með því að benda á bestu venjur, studdar af reynslu.

ECDC hélt áfram að fylgjast með Dyflinaryfirlýsingunni um baráttu gegn HIV/AIDS í Evrópu og Mið-Asíu og birti ítarlega skýrslu þar um, ásamt sex viðaukum um gögn og sex tæknilegum þemabundum skýrslum.

Í Evrópuviku HIV- og lifrabólguþrófunar í nóvember gaf ECDC út *Test Finder*, leitartól á netinu sem skilar upplýsingum um næsta HIV-þrófunarstað þegar póstnúmer eða borg er slegin inn. ECDC hannaði einnig HIV-líkan sem aðstoðar aðildarríki við að meta nýgengi og algengi HIV-smits. Líkanið notar eftirlitsgögn til að meta fjölda HIV-smitaðra, árlegan fjölda nýrra sýkinga og, meðaltíma á milli sýkingar og greiningar og fjölda fólks sem þarfnast meðferðar.

Á árinu hefur ECDC haldið áfram að samræma eftirlit með HIV-sýkingum innan Evrópsambandsins. Hin árlega skýrsla um *eftirlit með HIV/AIDS í Evrópu*, sem unnin var í samvinnu við svæðisskrifstofu alþjóðaheilbrigðismálastofaunarinnar í Evrópu, var gefin út á aðjódæalnæmisdeginum 1. desember.


Í júlí gaf ECDC út eftirlitsskýrslu sem sýndi nýlega þróun á viðnámi við lekandasýklalyfjum.

Áhrif leiðbeininga ECDC um klamydíu voru metin og niðurstöðurnar gefnar út: „*Qualitative evaluation of the impact of the 2009 ECDC guidance document „Chlamydia control“ in Europe*“.

Leiðbeiningar um meðgönguskimun fyrir kynsjúkdómum, lifrabólgu og HIV voru þróaðar árið 2015 og birtar vorið 2016.


## Influenza viruses circulating in 2014–2015

Only sentinel specimens are included



## Influenza intensity in week 16

based on sentinel reports of influenza-like illness and/or acute respiratory infections



Bubble size is indicative of country population

## Influenza trend

based on the percentage of sentinel specimens found positive, by week





Prófunarsýni fyrir fuglaflensustofna

## Flensa og aðrar veirur í öndunarfærum

Á hverju ári má rekja mikinn fjölda sýkinga og andláta til árstíðabundinnar flensu. Ofan á árstíðabundna flensu leggjast mannsmitalegir dýrasjúkdómar og aðrar veirusýkingar í öndunarfærum sem einnig ógna almannaeilsu.

Öflugt eftirlit með veirum og faraldssjúkdómum er mikilvægt til að leiðbeina við bólusetningar við árstíðabundinni flensu. Árið 2009 samþykkti ráð Evrópusambandsins tilmæli sem setja markmið um 75% bólusetningu fyrir aldræða og aðra áhættuhópa.

ECDC styður aðildarríki ESB í viðleitni þeirra til að styra undirbúning við heimsfaraldri, svo sem með því að auka eftirlit með flensu eða styðja við aðgerðir í samræmi við ákvörðun 1082/2013/ESB um alvarlegar heilsufarsógnir milli landamæra.

ECDC hélt áfram eftirliti með inflúensu í samstarfi við svæðisskrifstofu alþjóðaheilbrigðismálastofnunina í Evrópu. Auk samstarfs við alþjóðaheilbrigðismálastofnunina lögðu inflúensuserfræðingar ECDC einnig sitt

af mörkum til vikulegra tilkynninga um árstíðabundna flensu í Evrópu, *Flu News Europe*.

Fylgst var með þróun mannsmitanlegrar dýraflensu og annarra veirusýkinga í öndunarfærum í rauntíma með hjálp farsóttagreiningar ECDC. ECDC greinir reglulega hættu sem stafar af þessum veirum, sérstaklega þegar tilkynnt er um óvenjuleg eða óvænt tilvik í mönnum, og birtir niðurstöðurnar: árið 2005 tengdust 14 af 42 útgefnum áhættumatsskýrslum sem ECDC gaf út (33%) inflúensu og öðrum veirum í öndunarfærum.

ECDC studdi ýmsar rannsóknir á gagnsemi bólusetningar við árstíðabundinni inflúensu í Evrópu. Merki um litla virkni bóluefna sem notuð voru á árunum 2014-2015 voru mikilvæg vísending til heilbrigðisyfirvalda í aðildarríkjunum og gerðu þeim kleift líta til annarra valkosta á borð við veiruhamlandi lyfja fyrir áhættuhópa.

*Vinstri: Haldið utan um fjölda inflúensutilfella: ECDC birti vikuleg myndrit sem sýndu samantekt á öllum gögnum um inflúensu vikulega á tímabili inflúensufaraldsins.*



Hettuglas með túberkúlíni. Skammtur með tveimur einingum af túberkúlíni í 0,1 ml lausn er gefinn undir efsta lag húðar og lesið er af 48 til 72 klukkustundum síðar. Slík gjöf undir húð kallast Mantoux-tækni.

## Berklar

Í tilefni alþjóðadags berkla (World TB Day) gáfu ECDC og svæðisskrifstofa WHO í Evrópu út uppfærða útgáfu af ítarlegri skýrslu um berkla: *Tuberculosis surveillance and monitoring in Europe 2015*.

ECDC lagi áherslu á þrjú lykilatriði á alþjóðadegi berkla 2015:



- Miðað áframhaldandi fækkun tilfella um 6% á ári verður Evrópa laus við berkla á næstu öld. Til að ná markmiðinu um berklalaus Evrópu árið 2050 þarf Evrópa að fækka tilfellum að minnsta kosti tvöfalt hraðar.
- Evrópa þarf sérstakt inngrip. Í flestum löndum með lágu nýgengi er tíðni berkla í jafnvægi eða lækkar mjög hægt og er meirihluti sjúklinga af erlendum uppruna. Lönd með hátt nýgengi berkla standa frammi fyrir hárrí tíðni endurtekinna sýkinga og endurupptöku og tilkynna um mun fleiri tilfelli um ónæmi gegn mörgum lyfjum.


- Markmiðið að útrýma berklum næst aðeins með því að nota þau tól og inngrip sem nú eru til staðar með skilvirkari hætti og styðja við þau með nýjum og skilvirkari aðferðum.

Í mars studdi ECDC fyrstu ráðstefnuna um berkla og viðnám við mörgum lyfjum í Austur-Evrópu, sem studd var af formennsku lettlands í ESB.

Í skýrslugjöf fyrir stefnumótendur lagði ECDC fram mögulegar útfærslur fyrir virka útrýmingu berkla. Ýmsar leiðbeinandi vísindalegar skýrslur um berkla voru gerðar og vinna var hafin að því að styðja fimm forgangslönd WHO.

*Efst til vinstri: Gramjökkvæða bakterían Mycobacterium tuberculosis.  
Efst í miðju: Berklalyf, berklasjúkrahús fyrir börn í Rúmeníu  
Efst til hægri: Ílát fyrir uppgangsskoðun: Alþjóðastofnun Rauða krossins og Rauða hálfmánans  
Í miðju til hægri: Lyfjagjöf á berklasjúkrahúsi fyrir börn í Rúmeníu  
Neðst: Röntgenvinnustofa*





Efst til vinstri: „Þetta gæti verið svolítið sárt.“  
Efst í miðju: Bölusetningarspjald  
Efst til hægri: Bölusetning við flensu hjá ECDC  
Í miðju til hægri: Bölusetningarherferð  
starfsmanna NHS í Bretlandi  
Neðst: Ungabarn hjá lækni





# Sjúkdómar sem bóluefni geta komið í veg fyrir

Upptaka áhrifaríkra bólusetningaráætlana um gjörvalla Evrópu hefur verið eitt best heppnaða heilbrigðisátak síðustu áratuga. Smitsjúkdómar sem áður leiddu þúsundir barna til dauða á hverju ári eru nú afar sjaldgæfir.

Bólusetningaráætlanir eru ekki óumdeildar og er ECDC í sífelld ríkarí mæli kallað til sem aðili sem miðlar þekkingu og veitir tæknilegar leiðbeiningar á fyrirbyggjandi hátt. Dæmi um þessar áskoranir eru: hættan á að mænusótt (sem útrýmt var úr Evrópu árið 2002) taki sig upp aftur, stórir hópar sem ekki eru bólusettir í Evrópu (dreifðir eða á sama stað), endurtekin dreifing sjúkdóma á borð við mislinga og rauða hunda og merki um minnkandi vörn bóluefna eða breytingar á sýklum sem geta grafið undan sumum bólusetningaráætlunum, til dæmis við kíghósta.

Átta sjúkdómum sem fyrirbyggja má með bóluefnum var bætt við nýjan *eftirlitsgagnagrunn smitsjúkdóma*, sem hefur á skömmum tíma unnið sér sess sem gagnlegt verkfæri fyrir fólk í heilbrigðisþjónustu sem þarf að nálgast áreiðanleg gögn á fljótan hátt. Fjallað var um tregðu til bólusetningar í tveimur skýrslum, ráðstefna sem fór um alla Evrópu kannaði tregðu til bólusetningar á meðal heilbrigðisstarfsmanna og, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fylgdist ECDC með skortur á bóluefnum í Evrópu.

Verkfærið *EU Vaccine Scheduler* er einn vinsælisti hluti vefsvæðis ECDC, en það fékk um 400.000 heimsóknir árið 2015.

Fjöldi nýrra bóluefna hafa verið sett á markað, oft markaðssett fyrir fullorðna til að hjálpa þeim að forðast alvarlega sjúkdóma á miðjum aldri og berjast gegn tækifærissýkingum í elli. Árið 2015 hóf ECDC að kanna ónæmi fullorðinna, með það að markmiði að koma á bólusetningaráætlunum sem næðu yfir all æviskeiðið en ekki einungis barnæsku og unglingsár. Í þessu samhengi er þörf á fleiri rannsóknum á verkun, öryggi og tíðni bólusetninga sem taka til margra landa.

Árið 2015 bætti ECDC eftirlitskerfi fyrir kíghósta og ífarandi pneumokokkasýkinga. Eftirlit beggja sjúkdóma fer fram í gegnum net innan sjúkrahúsa þar sem sérfræðingar á rannsóknarstofum, farsóttarlæknar og læknar vinna saman að því að greiða tilfelli eins snemma og hægt er.



Færa má rök fyrir því að bólusetningar séu mesta árangurinn sem náðst hefur í almannheilbrigði.

# Salmonellosis

## Just the tip of the iceberg



*Salmonella* infections are among the most common food-borne infections affecting humans in the EU. However, the reported case numbers are much lower than the actual number of circulating infections. ECDC has developed a tool that estimates the frequency of exposure to *Salmonella*, which is much closer to the true incidence of *Salmonella* in the population than the reported number.



The number of yearly reported cases (white) is represented by the tip of the iceberg, while the estimated frequency of exposure to *Salmonella* (orange) is shown as the rest of the iceberg.

① Ireland 350 720 000	⑤ Austria 1 800 1 000 000	⑨ France 6 300 24 020 000
② Romania 400 7 480 000	⑥ Finland 2 800 370 000	⑩ Italy 6 520 12 780 000
③ Greece 480 2 280 000	⑦ Spain 3 400 28 460 000	⑪ Netherlands 6 590 2 400 000
④ Denmark 1 680 420 000	⑧ Sweden 4 000 510 000	⑫ United Kingdom 10 400 5 900 000
		⑬ Poland 16 000 20 980 000

Numbers are rounded to the nearest ten thousand. For some countries, cases were reported by year, and for others it is an average of two or more years depending on the years of serum collections. Original article: Melbak K, Simonsen J, Jørgensen C, Kroghfelt K, Falkenhorst G, Ethelberg S, et al. Seroprevalence of human infections with non-typhoid *Salmonella* compared with data from public health surveillance and food animals in 13 European countries. *Clin Infect Dis.* (2014) 59 (11): 1599-1606.

# Miðlun lýðheilsuupplýsinga

Miðlun upplýsinga um áhættur og hættuástand, í samræmi við óháð mat, er órjúfanlegur hluti af starfsemi ECDC. Skjót miðlun upplýsinga sem byggja á traustum vísindalegum og tæknilegum grunni geta í mörgum tilfellum minnkað hættuástand.

Árið 2015 gaf ECDC út alls 170 skýrslur, þar af 42 flýtskýrslur með áhættumati og 83 eftirlitsskýrslur. Fjöldi áskrifanda að mánaðarlegum tölvupósti um útgáfur jókst í 2312. *Vikulegt yfirlit yfir inflúsenu* var sameinað *Flu News Europe*, sem er gefið út í samstarfi við WHO.

Áætlun ECDC fyrir árin 2014–2020 leggur áherslu á að gera gögn miðstöðvarinnar aðgengileg á gagnvirku sniði sem eykur notagildi þeirra. Þetta er ein af ástæðum þess að ECDC gefur í meira mæli út gögn, myndrit, kort og upplýsingarit til niðurhals, án höfundarréttar, á vefsvæði sínu. Þannig eiga samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar auðveldara með að nota efni frá ECDC í eigin miðlum.

Hlutinn *Data and Tools* (gögn og verkfæri) á vefsvæði ECDC var stækkaður og gefur nú aðgang að miklu magni gagnvirkra upplýsinga, korta og upplýsingarita. Ný verkfæri á borð við hinn gagnvirka *eftirlitsgrunn smitsjúkdóma* eru einnig aðgengileg í gegnum vefsvæði ECDC.

Þrátt fyrir aukinn áhuga á ebólu er fjöldi heimsóknna á vefsvæði ECDC óbreyttur. Alls voru 1.160.000 veflotur skráðar árið 2015, miðað við 1.200.000 árið 2014. Fjöldi fylgjenda ECDC á Twitter jókst úr 9000 í 12.600. Fjöldi fylgjenda Twitter-reiknings ECDC um farsóttir

jókst úr 700 árið 2014 í um 1100 árið 2015, en svipaðar tölur sáust fyrir alla Twitter-reikninga ECDC.

ECDC veitti blaðamönnum sem fjalla um heilbrigðismál faglega þjónustu á árinu. ECDC vann náð með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og heilbrigðis- og öryggismálanefndar að viðbrögðum við ebólu innan ESB, til dæmis með því að taka þátt í ráðstefnunni *Ebola Lessons Learned* sem framkvæmdastjórnin hélt í október 2015.

Í nóvember tóku 40 Evrópulönd þátt í aðgerðum tengdum degi vitundarvakningar um sýklalyf í Evrópu árið 2015, þar sem herferðir um mikilvægi þess að draga úr notkun sýklalyfja voru áberandi. ECDC vann einnig með WHO í viku vitundarvakningar um sýklalyf og skipulagði Twitter-spjall þann 18. nóvember.

ECDC hélt áfram að þróa samskiptatól og hjálpaði löndum með samskipti varðandi áhættu. Eitt dæmi um þetta er herferðarefni og leiðbeiningar fyrir sjúkdóma sem koma má í veg fyrir með bóluefni, sem samskiptateymi ECDC hannaði árið 2015.

*Vinstri: Skýringarmynd ECDC um salmonellusýkingar. ECDC deilir skýringarmyndum, sem eru ekki varðar með höfundarrétti, á samfélagsmiðlum og vefsvæði sínu.*



ECDC EUPHEM-þátttakandinn Zoltán Kis og samstarfsmaðurinn Anne Brüggemann (Marburg University, Institute of Virology) við vinnu á rannsóknarstofu sem rekin er af European Mobile Laboratory Consortium; Guéckédou, Gínea

## Þjálfun

Tveir hlutar styrkþegaáætlunar ECDC, EPIET og EUPHEM, lifa áfram góðu lífi. Árið 2015 voru 38 þátttakendur teknir inn. Í lok árs voru þátttakendurnir 77, þar á meðal sá fyrsti frá Króatíu. 20 þjálfunarstöðavar voru heimsóttar og níu þjálfunareiningar og námskeið haldin.

Þátttaka yfirstjórnenda hélt áfram árið 2015, en 12 sérfræðingar eru þegar skráðir fyrir árið 2016. Alls 105 sérfræðingar úr aðildarríkjum ESB tóku þátt í námskeiðum um lífverur sem eru ónæmar fyrir mörgum lyfjum, hraða áhættugreiningu við flóknar neyðaraðstæður, faraldsfræði og eftirlit og tímarunugreiningu. 30 manns frá 20 löndum ESB/EES tóku þátt í sumarskóla ECDC, 15 frá MediPIET-löndum og 18 innanhússérfræðingar.

MediPIET, svæðisbundið þjálfunarkerfi fyrir farsóttir fyrir Miðjarðarhafslönd sem þróað var af ECDC árin 2012-2013, er nú í umsjón spænskra samtaka en ECDC leiðir enn vísindavinnu þess. ECDC er einnig í stjórn vísindaráðs MediPIET. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fjármagnar starfsemina.

Árið 2015 varð sýndarakademía ECDC tekin í gagnið, sem býður upp á vettvang fyrir nám á netinu og sameiningu náms. Fyrsta netnámskeiðið sem var þróað var um skrif vísindalegra útdráttá samið og tóku 30 manns þátt í að prófa það.

ECDC birti vinnugrein um nauðsynlega grunnfærni sérfræðinga á sviði ónæmisfræði og sjúkdóma sem koma má í veg fyrir með bólusetningu og kom á þjálfunaráætlun sem stjórnin veitti stuðning sinn við í júní 2015.

Styrkþegar og fyrri þátttakendur EPIET og EUPHEM héldu áfram að gegna mikilvægu hlutverki í að styðja alþjóðleg viðbrögð við ebólufaraldinum í Vestur-Afríku: Alls unnu þrír EPIET-samræmingaraðilar og 25 EPIET/EUPHEM-styrkþegar á staðnum.



*Hinn gagnvirki eftirlitsgagnagrunnur ECDC um smitsjúkdóma inniheldur nú gögn um 25 smitsjúkdóma*

## Sjúkdómaskimun, viðbúnaður og viðbrögð

Eftirlitsgrunnur smitsjúkdóma, sem aðgengilegur er á vefsvæði ECDC, er nú í fullri notkun. Í lok árs 2015 voru 25 greinanlegir sjúkdómar skráðir í gagnagrunninum. Grunnurinn geymir eftirlitsgögn ESB á gagnvirku sniði.

ECDC setti af stað verkefnið Surveillance System Reengineering til að bæta reynslu notenda af eftirlitsverkfærum sínum. Endurbætur voru gerðar til að auðvelda samanburð gagna.

Nýjar skilgreiningar voru gerðar á beinbrunasótt og huldusótt og skilgreiningar á sárasótt voru endurskoðaðar. Umræður um skilgreiningar á lymesjúkdómi voru hafnar.

ECDC tók skref í átt að því að koma á sameindaflokkun fyrir eftirlit tiltekinna sjúkdóma.

Þekking og svörun vegna farsóttta: ECDC birti alls 42 flýtskýrslur með áhættumati. Auk þess birtust 20 uppfærslur um farsóttir á netinu.

Aðgerðir ECDC studdu innleiðingu 4. gr. ákvörðunar um alvarlegar heilbrigðisógnir sem ná yfir landamæri.

ECDC tók ríkan þátt í að þróa sniðmát fyrir fyrirkomulag vegna undirbúnings fyrir farsóttir í aðildarríkjum ESB. ECDC vann einnig að aðferðafræði, vísum og verkfærum til að meta undirbúning í aðildarríkjunum.


ECDC veitti Belgíu, Portúgal og Rúmeníu tæknilega aðstoð til að stuðla að betri undirbúningi neyðarviðbragða við ebólu. Á meðal þess sem teymi ECDC vann að voru skilgreiningar á tilvikum, einangrun og meðferð sjúklinga með mikla smithættu og miðlun á áhættu. Til að prófa undirbúning við neyðaraðstæðum þróaði ECDC þjálfunareiningar þar sem líkt var eftir aðstæðum og uppfærði handbók sína um slíkar æfingar.

ECDC skipulagði fund landsskrifstofa fyrir undirbúning og svörun og þróaði ýmis tæknileg atriði: skýrslur um deltakórónaveiru og mænusótt, verkefni um flokkun á áhættu og rannsókn um heilsufarsáhrif aukins innstremmis innflytjenda.

# ECDC í stuttu máli: tölulegar upplýsingar


Hjá ECDC störfuðu 260 manns í fullu starfi við lok árs 2015. Hjá miðstöðinni starfar fólk frá öllum aðildarríkjum ESB nema Lúxemborg og Króatíu.

## Fjöldi starfsmanna



*Landafraðileg skipting starfsfólks ECDC (starfsfólk á sérstökum samningi og starfsfólk ráðið tímabundið) 31. desember 2015*

# Fjárhagsáætlun 2015



Athugið: Aðeins helstu flokkar eru birtir



Starfandi framkvæmdastjóri ECDC, Andrea Ammon, ávarpar starfsfólk fyrir utan aðalbyggingu ECDC á tíu ára afmæli þess

### Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC)

**Póstfang:**

Granits väg 8, SE-171 65 Solna, Sweden

**Aðsetur:**

Tomtebodavägen 11a, SE-171 65 Solna, Svíþjóð

Sími: +46 858601000

Fax: +46 858601001

[www.ecdc.europa.eu](http://www.ecdc.europa.eu)

Stofnun Evrópusambandsins


[www.europa.eu](http://www.europa.eu)

Áskrift með ritum okkar

[www.ecdc.europa.eu/en/publications](http://www.ecdc.europa.eu/en/publications)

Hafa samband

[publications@ecdc.europa.eu](mailto:publications@ecdc.europa.eu)

 Fylgjast með okkur á Twitter

[@ECDC\\_EU](https://twitter.com/ECDC_EU)

 Facebook-síðan okkar

[www.facebook.com/ECDC.EU](http://www.facebook.com/ECDC.EU)



■ Publications Office

ISBN 978-92-9193-919-0